

Fundur - 6.maí 2004

Endurrit fundargerðar mennta- og menningarmálanefndar 6. maí 2004

Ár 2004 þann 6.maí kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar með Áslaugu, Rebekku, Sveini og sveitarstjóra er reit fundargerð.

#### MENNTAMÁL:

1) Sveitarstjóri renndi yfir fundargerð síðasta fundar. Skólanefnd beinir því til hreppsnefndar að taka ákvarðanir um endurnýjun á gólfefni í matsal, sjónvarpskrók, kennslustofu og víðar.

2) Uppsögn Guðbjargar Björnsdóttur og umsóknir um kennarastöður. Skólanefndin þakkar Guðbjörgu vel unnin störf. Fyrir liggur yfirlit sem skólastjóri hefur tekið saman um áhuga starfandi kennara og leiðbeinenda á áframhaldandi starfi við skólann (niðurstaða úr starfsmannaviðtölum í apríl 2004). Enn fremur hafa eftirfarandi aðilar sent inn umsóknir:

a) Björn S. Harðarson

b) Eiríkur Ragnarsson

c) Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir

Umsókn barst einnig frá Hrafni Arnarsyni en hann hefur dregið hana til baka þar sem forsenda hennar var að kona hans fengi stöðu líka.

Samþykkt að ráða Kolfinnu Ýr Ingólfssdóttur.

3) Tillaga um kennslueldhús í væntanlegri tengibyggingu við íþróttahús. Vísað til umfjöllunar skólanefndar á fundi hreppsnefndar 15. apríl sl. Skólastjóra falið að upplýsa hönnuð tengibyggingarinnar um þarfir skólaeldhúss þannig að hann geti teiknað tillögu að skólaeldhúsi í þessu rými.

4) Breytingar á rekstri Tónlistarskóla Reykhólahrepps, en á fundi sínum 15.apríl samþykkti hreppsnefnd Reykhólahrepps tillögu um að rekstri tónlistarskólans í núverandi mynd yrði hætt haustið 2004 " og annað rekstrarform yrði fundið á tónlistarkennslu fyrir hreppsbúa." Tillagan kom frá Málfríði Vilbergssdóttur sem lagði einnig fram sérstaka greinargerð og frekari gögn sem lögð voru fyrir nefndina. Samþykkt var í hreppsnefnd að kynna málið fyrir skólanefnd.

Nefndin telur æskilegt að boðið sé upp á tónlistarkennslu í einhverju formi og beinir því til hreppsnefndar að kannaðir séu möguleikar á því.

Áslaug, Rebekka og Sveinn yfirgáfu fundinn kl. 19:00

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign), Rebekka Eiríksdóttir (sign), Sveinn Ragnarsson (sign)

#### MENNINGARMÁL:

1) Menningarhátíð á Reykhólum sumardaginn fyrsta 2004, blaðauðklippa úr "Skessuhorni." Hátíðin þótti takast vel.

2) Hlunnindasýning á Reykhólum, erindi frá Garðari Guðnasyni arkitekt. Garðar gerir tvær tillögur, A og B, um nýtingu á framtíðarrými sýningarinnar. Garðar leggur til að tillögu B verði fylgt. Lagt fram til kynningar.

Enn fremur bréf frá Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi lán á hafneri.

Fundi slitið kl. 19:20

Karl Kristjánsson (sign), Ingvar Samúelsson (sign), Guðrún S Samúelsdóttir (sign), Einar Örn Thorlacius (sign)